

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

56

27da  
júli.

Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hafði sent mjer bónarbrjef, þar sem fröken Anna Melsteð, dóttir málaflutningsmanns Páls Melsteðs hjer í bænum, fer því á flot, að hún, eptir að hafa í 1 ár notið kennslu á mjólkurbúi í Danmörku í smjör- og ostagjörð, fái um 3 ár 200 króna árlegan styrk úr landssjóði með því skilyrði, að hún þessi ár veiti þeim, er þess óska, tilsogn í meðferð á mjólk og annari innanbæjarbúsýslu, hefi jeg veitt beiðandanum hinn umbeidda styrk fyrst um sinn um eitt ár frá 1. ágúst þ. á.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta herra amtmaður, skal jeg geta þess, að fröken Anna Melsteð fyrst um mánaðartíma er ráðin til vistar að Hjarðarholti í Mýrasýslu, og að hún hafi verið föluð til þar eptir að vera við mjólkurstörf um lengri eður skemri tíma á Bessastöðum á Álptanesi, og skora á yður að bera yður saman við stjórn búnaðarfjelags suðuramtsins og aðra málsmetandi menn í umdöemum yðar um, hvernig ferðum hennar síðar yrði bezt hagað svo, að kunnátta hennar og leiðbeining gæti komið sem flestum að notum. Þegar ár það, er styrkurinn er veittur fyrir, er liðið, vona jeg að fá frá yður skýrslu um ferðir hlutaðeiganda og árangur þann, er ætla má, að þær hafi haft.

*Skýrsla* frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdöminu til landshöfðingja um ráðstafanir gegn fjárkláðanum.

57

25ta  
ágúst.

Eptir að jeg hafði meðtekið hattvirt brjef herra landshöfðingjans, dags. 12. f. m., skrifaði jeg sýslumönnunum í Mýra- og Borgarfjarðar-, Gullbringu- og Kjósar- og Árnessýslum, og brýndi fyrir þeim innihald tjeðs brjefs í heild sinni, og skoraði sjerstaklega á þá, að gjöra sem allrafyrst almenningi kunnugt, að fjáreigöndum ekki verði leyft að setja fje á vetur í haust, nema því að eins, að þeir hafi hús handa kindum sínum og hey til að gefa þeim inni nokkurn tíma, meðan baðanir og lækningar fram fara, og að almennar baðanir fjárins í tryggilegu kláðabadi verði látnar fram fara í nefndum sýslum á næstkomandi hausti, og jafnframt var þeim boðið að áminna almenning um, að hafa í tækan tíma útvegað sjer hin nauðsynlegu baðmeðöl.

Jeg skal því næst í framhaldi af brjefi mínu, dags. 14. júní þ. á., og samkvæmt því, sem fyrir er mælt í ofan nefndu brjefi yðar, leyfa mjer að gefa eptirfylgjandi skýrslu um heilbrigðisástand fjárins og þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið. Samkvæmt því, sem viðtekið var á fundi amtsráðsins í miðjum júnímánuði, fyrirskipaði jeg á ný, að afrjettirnir í Ölfushreppi og Selvogshreppi í Árnessýslu og í Gullbringusýslu og þeim hluta Kjósarsýslu, þar sem nokkur grunur væri um kláða á fje, skyldu vandlega smalaðir eptir sömu reglum og í haustgöngum, allt fje síðan nákvæmlega skoðað og það fje badað, sem ekki fengist vissa fyrir, að áður hefði verið fullbadað og enginn kláði komið fram í því á eptir, og síðan ekki haft samgöngur við kláðasjúkt eða grunað fje. Var svo fyrir mælt, að baðanir þessar, ein eður tvær, eptir því sem nauðsynlegt væri, skyldu vera um garð genguar fyrir 2. júli, og að allt fje skyldi geymast í sterkri gæzlu, þangað til þær hefðu fram farið, og svo þar eptir þangað til annað yrði leyft eða fyrirskipað. Til þess að hafa umsjón yfir hinum hjer um röeddu ráðstöfunum og skoðunum og taka þátt í þeim til þess, að þær yrðu sem allra áreiðanlegastar og fullkomnastar, voru skipaðir utansveitarmenn, er höfðu sjerstaklega þekkingu á kláðanum og kláðalækningum. Enn fremur var skorað á sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að láta það verða fjáreigöndum í Grindavíkur-, Hafna-, Rosmhvalanes- og Vatnsleysustrandarhreppum kunnugt, að svo framarlega sem kláði finnist í fje þeirra á næstkomanda hausti, og þeir ekki hafa hús og hey fyrir fjenað sinn, og ekki geti uppfyllt önnur þau skilyrði, sem útheimtast til þess að geta komið

Hinn 4. september 1875.